

Sp.

543. Tillaga

til þingsályktunar um þúsund ára hátíð Alþingis.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni og Jakob Möller.

Alþingi ályktar að kjósa 6 manna nefnd með hlutfallskosningu, sem geri tillögur um hátíðahöld 1930 í minningu um stofnun Alþingis og þær ráðstafanir, sem gera þarf í því tilefni hvað Þingvelli snertir.

Greinargerð.

Hin mikla alþingishátíð 1930 stendur nú fyrir dýrum, og þykir ekki rjett að fresta lengur undirbúningi hátíðahaldsins af hálfu Alþingis, enda eru tillögur um þau þegar farnar að berast frá einstökum mönnum. Það liggur í tillögunni, að nefndin skuli vera ólaunuð og að leita þurfi til Alþingis um allar þær ráðstafanir og framkvæmdir, sem kostnað hafa í för með sjer.